

4. apríl 2022



# Barnabætur og stuðningur við barnafjölskyldur



# Barnabótakerfið skoðað við skattbreytingar

Stuðningar við barnafjölskyldur var tekinn til sérstakrar skoðunar við endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum sem lokið var 2019.

Þar kom m.a. fram að kerfið hafi verið nýtt til sveiflujöfnunar

Markmið kerfisins að styðja sérstaklega við þá tekjulægri. Grundvallarmarkmið kerfisins ólíkt því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.


Kerfið tekur sérstakt tillit til aðstæðna einstæðra foreldra með hærri greiðslum fyrir hvert barn. Hækkun skerðingamarka hefur leitt til þess að fleiri foreldrar í sambúð fá barnabætur.

Samspil skattkerfis og stuðnings við barnafjölskyldur ákvarðar skattbyrði þeirra að teknu tilliti til bóta.

# Óvíða meiri stuðningur við barnafjölskyldur

Opinber stuðningur við barnafjölskyldur nam 3,3% af VLF árið 2017 (nýjustu gögn). Það er verulega umfram meðaltal OECD (2,0%) en svipað og á hinum Norðurlöndunum

Heildarstuðningur OECD-ríkja við barnafjölskyldur, % af VLF






# Útgjöld til fjölskyldumála hafa hækkað ört

Í heild námu útgjöld til fjölskyldna og barna, þar sem barnabætur og fæðingarorlofs-greiðslur veða um 80%, 75 mö.kr. árið 2020. Það gera 924 þús. kr. á hvert barn


Útgjöld til fjölskyldna og barna á hvert barn, þús. kr.



# Á Norðurlöndunum er áhersla á niðurgreiðslu opinberrar þjónustu

Niðurgreiðsla opinberrar þjónustu við barnafjölskyldur (2,4% af VLF) er langt umfram meðaltal OECD ríkjanna og hærri en á hinum Norðurlöndunum


Niðurgreiðsla þjónustu við barnafjölskyldur, % af VLF



# Minni áhersla á beinar greiðslur

Hin Norðurlöndin (1,3% af VLF) eru nálægt meðaltali OECD-ríkja (1,1% af VLF) í beinum millifærslum til barnafjölskyldna, en á Íslandi (0,9% af VLF) eru þær ögn lægri.

Beinar greiðslur til barnafjölskyldna, % af VLF





# Breytingar á barnabótakerfinu frá 2017

2017: Fjárhæðir hækkaðar um 3,0% og skerðingarmörk um 12,5%.

2018: Fjárhæðir hækkaðar um 8,5% og skerðingarmörk um 7,4%.

2019: Fjárhæðir hækkaðar um 5,0%. Skerðingarmörkum skipt í efri og neðri skerðingarmörk þar sem neðri skerðingarmörk eru 24,1% hærrí en skerðingarmörk fyrra árs. Skerðingarhlutföll hækkuð í efri skerðingarmörkum.

2020: Skerðingarmörk hækkuð um 8,3%. 3 ma.kr. sérstakur barnabótaauki til foreldra vegna allra barna.

2021: Skerðingarmörk hækkuð um 8,0%. 1,6 ma.kr. í sérstakan barnabótaauka til foreldra sem fá tekjutengdar barnabætur.


2022: Neðri skerðingarmörk hækkuð um 8%, efri skerðingarmörkin um 12% og fjárhæðir bóta hækkaðar um 5,5%-5,8%.



# Útgjöld til barnabóta eru nálægt sögulegu hámarki

Barnabætur námu að meðaltali 178 þús. kr. á hvert barn undir 18 ára aldri árið 2021


Barnabætur á hvert barn undir 18 ára, raunvirði í þús.kr.



# Meginmarkmið barnabóta er stuðningur við tekjulægri fjölskyldur

Tæplega 90% barnabóta fara til foreldra í neðri hluta tekjudreifingarinnar.

**Dreifing barnabóta niður á tekjutiundir eftir fjölskyldutekjum. Tekjutiundir miðast eingöngu við foreldra og ekki þá sem hafa áætlaðar eða handreiknaðar tekjur. Tekjur miðast við stofn til útreiknings barnabóta.**






# Barnabætur lækka með tekjum

Grunnfjárhæð barnabóta er hærri hjá einstæðum foreldrum en skerðingamörk foreldra í sambúð er tvöfalt herra samanborið við skerðingamörk einstæðra foreldra

Meðalgreiðsla barnabóta eftir árstekjum og hjúskaparstöðu






# Barnabætur taka sérstakt tillit til aðstæðna einstæðra foreldra

Einstæðar mæður fengu 43% barnabóta árið 2021.

Skipting barnabóta eftir kyni og hjúskaparstöðu



# Yngri foreldrar fá hærri barnabætur en eldri

Meðalbarnabætur fara lækkandi með aldri vegna hærri tekna, lægra hlutfalls barna yngri en 7 ára og herra hlutfalls foreldra í sambúð.

Barnabætur að meðaltali (lína v.ás.) og fjöldi barna (h.ás) eftir aldri foreldra

